

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 575/2006

2011/EES/59/12

frá 7. apríl 2006

## um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar fjölda og heiti fastra sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla <sup>(1)</sup>, einkum önnur málsgrein 4. mgr. 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Vernd plöntuheilbrigðis er mikilvægur þáttur í að tryggja öryggi matvælaferlisins og þróunin upp á síðkastið hefur haft í för með sér að vísindalegt mat á áhættu á sviði plöntuheilbrigðis verður æ algengara.
- 2) Sú sérþekking, sem liggur fyrir hjá þeirri sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, sem sér um að gefa álit á plöntuheilbrigði, plöntuvarnarefnum og leifum þeirra, gerir það að verkum að aðeins er unnt að vinna vísindalegt mat á plöntuheilbrigði á afmörkuðum stöðum og á takmörkuðu sviði. Til að takast á við sívaxandi fjölda beiðna um vísindalegt mat á plöntuheilbrigði hefur Matvælaöryggisstofnun Evrópu því lagt fram formlega beiðni þess efnis að framkvæmdastjórnin komi á fót nýrri, fastri sérfræðinganefnd sem sameinar margs konar þekkingarsvið er tengjast plöntuheilbrigði, s.s. skordýrafræði, sveppafræði, veirufraði, gerlafræði, grasafraði, ræktunarfræði, plöntusóttvörnum og faraldsfræði plöntusjúkdóma.

- 3) Þar eð annarri sérfræðinganefnd um plöntuheilbrigði verður komið á fót er nauðsynlegt að breyta nafninu „sérfræðinganefnd um plöntuheilbrigði, plöntuvarnarefni og leifar þeirra“.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 178/2002 til samræms við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002:

1. Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) sérfræðinganefnd um plöntuvarnarefni og leifar þeirra,“.

2. Eftirfarandi, nýr i-liður bætist við:

„i) sérfræðinganefnd um plöntuheilbrigði.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007 frá 26. október 2007 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 10.4.2008, bls. 33.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1642/2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 4).